

**Ed. 217. Frumvarp til laga [185. mál]**

um breyting á lögum nr. 86 31. desember 1981, um iðnráðgjafa.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1985“ í 5. gr. laganna komi orðin: 31. desember 1986.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með lögum nr. 86 31. desember 1981 voru sett sérstök lög um iðnráðgjafa. Samkvæmt lögnum er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlög vegna launakostnaðar iðnráðgjafa er samtök sveitarfélaga eða iðnþróunarfélög ráða til starfa. Framlagið miðist við launakostnað vegna starfa eins manns á starfssvæði samtaka sveitarfélaga eða miðað við kjördæmi. Samkvæmt 5. gr. laganna er gildistími laganna til 31. desember 1985.

Iðnaðarráðherra skipaði með bréfi, dags. 6. nóvember 1984, eftirtalda þrjá menn í nefnd til að endurskoða lög um iðnráðgjafa:

Gunnar Guttormsson, deildarstjóra í iðnaðarráðuneytinu (formaður), Theodór Blöndal, tæknifræðing, og Sigurð Guðmundsson, aðstoðarframkvæmdastjóra.

Álit nefndarinnar, sem dagsett er í Reykjavík 16. júlí 1985, er fylgiskjal með frumvarpi þessu. Eins og fram kemur í nefndarálitinu er þar lagt til að lögini verði framlengd og að samhliða því verði lögfestar nokkrar breytingar á lögnum, m. a. um auknar heimildir til að greiða skrifstofu- og ferðakostnað iðnráðgjafa. Ekki náðist samstaða nú um þær breytingar sem nefndin lagði til og settar eru fram í frumvarpi því til laga um iðnráðgjafa sem nefndin hefur samið og er fylgiskjal nr. II með nefndarálitinu. Með hliðsjón af þessu og til þess að fjalla megi betur um framtíðartilhögun iðnráðgjafar í landshlutunum er lagt til að gildistími laganna verði nú framlengdur um eitt ár, þ. e. til ársloka 1986. Stefnt er að því að frumvarp um framtíðarskipan iðnráðgjafar í landshlutunum verði lagt fyrir Alþingi í október 1986.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að gildistími laga nr. 86/1981 um iðnráðgjafa, sem samkvæmt ákvæðum þeirra falla úr gildi 31. desember 1985, verði framlengdur um eitt ár, þ. e. til 31. desember 1986.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal: Nefndarálit og tillögur til iðnaðarráðuneytisins um endurskoðun laga um iðnráðgjafa, dags. 16. júlí 1985.

### Fylgiskjal.

#### ENDURSKOÐUN LAGA UM IÐNRÁÐGJAFJA Nefndarálit og tillögur til iðnaðarráðuneytisins.

Nefnd um endurskoðun laga um iðnráðgjafa

Hr. iðnaðarráðherra  
Sverrir Hermannsson  
Iðnaðarráðuneytið  
Arnarhvoli  
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. júlí 1985.

Nefnd sú er skipuð var með bréfi ráðuneytisins, 6. nóvember 1984, til að endurskoða lög nr. 86/1981 um iðnráðgjafa, hefur lokið störfum. Fylgir álit nefndarinnar hér með.

Nefndin hefur orðið sammála um tillögur til breytinga á lögnum. Með álit nefndarinnar fylgja drög að frumvarpi til laga um iðnráðgjafa þar sem breytingartillögur nefndarinnar hafa verið felldar að texta gildandi laga.

Nefndin hefur haldið 10 reglulega fundi, auk viðræðufunda sem einstakir nefndarmenn hafa í umboði nefndarinnar átt við aðila er málið varðar.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðmundsson

Theodór Blöndal

Gunnar Guttormsson (form.)

## 1. NIÐURSTÖÐUR

### 1.1 Helstu forsendur og ályktanir

Starfsemi iðnráðgjafa, skv. núgildandi lögum, hefur ótvírætt sannað gildi sitt.

- Með nýjum lögum þarf að rýmka heimildir ríkisins til að styrkja starfsemina. Mikilvægt er að iðnráðgjafastarfsemin verði áfram rekin að frumkvæði og með fjárhagslegum stuðningi aðila í héraði.
- Telja verður þá þróun æskilega að iðnþróunarfélög taki í auknum mæli við ráðgjafarþjónustunni af landshlutasamtökum sveitarfélaga.
- Gengið er út frá óbreyttum markmiðum varðandi iðnráðgjafarþjónustuna, þ. e. að stuðla að atvinnuþróun á viðkomandi starfssvæði þar sem megináhersla verði lögð á upplýsingaþjónustu við smærri fyrirtæki, greiningu á vandamálum þeirra og ráðgjöf varðandi viðeigandi sérfræðiaðstoð.
- Stuðningur ríkisins þjóni áfram þeim tilgangi að gera ráðningaraðilum kleift að hafa fastráðna iðnráðgjafa í þjónustu sinni og að jafna aðstöðumun milli landshluta varðandi ráðgjafarþjónustuna.
- Gera verður ráð fyrir að iðnráðgjöfum fjölgi eitthvað frá því sem nú er. Í svipinn telur nefndin að þörfin sé ekki brýn nema á Norðurlandi.
- Tryggja þarf sem best samræmi í ákvörðunum og aðgerðum varðandi stuðning ríkisins við iðnráðgjafarþjónustu, tæknistofnanir og aðrar stofnanir sem hafa hlutverki að gegna í atvinnuþróun.
- Nefndin telur eðlilegt, að auk endurskoðaðrar löggjafar um iðnráðgjafastarfsemina verði sett reglugerð þar sem kveðið verði nánar á um einstaka þætti varðandi framkvæmd laganna.

### 1.2 Tillögur um lagabreytingar

Nefndin leggur til að auk núverandi heimildar til greiðslu á kostnaði við starfsemina verði ríkinu heimilað að taka þátt í kostnaði við:

- a) skrifstofuhald
- b) ferðir innan starfssvæðis
- c) ferðir frá starfsstöð til höfuðborgarsvæðisins.

Í samræmi við þetta leggur nefndin til að lög nr. 86/1981 um iðnráðgjafa verði framlengd ótímabundið með eftirfarandi breytingum:

- a. Við 2. mgr. 1. gr. bætist svofelld setning:  
„auk þátttöku í skrifstofu- og ferðakostnaði, skv. mati og nánari ákvörðun ráðuneytis.“
- b. 3. gr. breytist og orðist þannig:  
„Hlutverk iðnráðgjafa er að stuðla að atvinnuþróun á viðkomandi starfssvæði. Megináhersla skal lögð á almenna ráðgjöf og upplýsingaþjónustu er örvað geti nýsköpun í iðnaði og stofnun arðbærra fyrirtækja. Iðnráðgjafar skulu eftir föngum veita aðstoð við greiningu á vandamálum fyrirtækja og leggja á ráðin um viðeigandi sérfræðiaðstoð.“
- c. Á eftir 1. mgr. 4. gr. komi svofelld setning:  
„Heimilt er að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.“
- d. 5. grein orðist þannig:  
„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.“

Framangreindar breytingartillögur hefur nefndin felld að núgildandi lagatexta, og leggur á fylgiskjali II fram tillögu að nýju frumvarpi til laga um iðnráðgjafa.

## 2. GREINARGERÐ

### 2.1 Almenn

Nefndin telur að þegar á heildina er litið hafi jákvæð reynsla fengist af störfum iðnráðgjafa, skv. núgildandi lögum. Hún telur því ekki nauðsynlegt að gerðar verði miklar breytingar á lögunum.

Meginbreytingin á lögunum, sem nefndin gerir tillögu um, miðar að því að renna styrkari stöðum undir starfsemina og jafna aðstöðumun milli starfssvæðanna.

Til að koma til móts við óskir ráðningaraðila er lagt til, að auk núverandi framlags taki ríkið þátt í kostnaði við lágmarksskrifstofuaðstöðu við starfsemina — þar sem slík þjónusta er veitt — svo og ferðakostnaði að vissu marki.

Stuðningur ríkisins skv. núgildandi lögum hefur reynst mikilvægur við að koma starfseminni af stað, en framlagið hefur einungis hrokkið til að greiða laun iðnráðgjafanna. Ráðningaraðilar telja að kostnaður þeirra af starfsemi eins iðnráðgjafa sé á móta hér og framlag ríkisins.

Með það sjónarmið í huga að ríkisstuðningur vegna starfsemi iðnráðgjafa eigi fyrst og fremst að vera „hjálp til sjálfshjálpar“, gerir nefndin ekki tillögu um að heimildir varðandi fjölda iðnráðgjafa verði rýmkaðar frá því sem nú er.

### 2.2 Aukinn stuðningur — Kostnaðaráhrif

Nefndin leggur til að stuðningur ríkisins vegna eins ráðgjafa á hverju starfssvæði verði það hárt að hann geti, auk launakostnaðar, staðið undir helstu rekstrarþáttum sem leiðir af starfi ráðgjafans.

Þjónusta iðnráðgjafa er ekki sambærileg við þjónustu tæknistofnana að því er varðar möguleika til sjálfstæðrar tekjuöflunar. Ekki er gert ráð fyrir að iðnráðgjafinn taki að sér tímafrek verkefni fyrir einstök fyrirtæki. Aðstoð hans við fyrirtæki á starfssvæðinu er fyrst og fremst fólgin í stuttum heimsóknum og símasambandi. Um tekjur af útseldri vinnu er því ekki að ræða.

Með tilliti til framangreinds má færa rök fyrir því að aukinn fjárhagslegur stuðningur ríkisins við starfsemina, að því marki sem hér er lagt til, eigi að geta tryggt meiri og virkari tengsl ráðgjafans við þá aðila sem á þjónustunni þurfa að halda. Þegar á heildina er litið ætti þannig að fást betri nýting á starfskröftum ráðgjafans.

Hér verður stuttlega vikið að helstu rekstrarþáttum sem aukinn stuðningur ríkisins þyrfti að taka til (verðlag í mars 1985).

#### a) Skrifstofuhald:

Lagt er til að stuðningur vegna lágmarksskrifstofuaðstöðu taki til allra starfssvæða sem veita slíka þjónustu. Gera má ráð fyrir að kostnaður við þennan þátt nemi um 30% af núverandi framlagi vegna hvers iðnráðgjafa, eða um 1.1 mkr. á ári miðað við 7 starfssvæði.

#### b) Ferðakostnaður innan starfssvæðis:

Þessi kostnaður er í flestum tilvikum verulegur. Því telur nefndin rétt að ríkið taki þátt í þessum kostnaði á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi. Áætlað er að þessi kostnaður verði svipaður og kostnaður við a-lið, þ. e. um 1.1 mkr. á ári.

*c) Ferðakostnaður frá starfsstöð til höfuðborgarsvæðis:*

Þessi kostnaður er mismunandi eftir starfssvæðum. Lagt er til að ríkið taki þátt í þessum kostnaði á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Áætlað er að þátttaka ríkisins í þessum kostnaði nemi 200—300 þús. kr. á ári.

Gengið er út frá því að kostnaður við framangreinda þrjá liði yrði greiddur samkvæmt mati og nánari ákvörðun iðnaðarráðuneytis.

Samanlagður kostnaðarauki við þessa liði myndi þannig þýða að heildarframlag ríkisins til iðnráðgjafabjónustunnar hækkaði um 2.5 mkr. á ári miðað við heimildir skv. nógildandi lögum.

Nefndin gengur út frá því að hækkun á framlagi ríkisins leiði ekki til þess að framlag ráðningaraðila til starfseminnar minnki.

### **2.3 Heimild til að setja reglugerð**

Nefndin telur rétt að í lögum sé heimild til að setja reglugerð um framkvæmd einstakra atriða varðandi starfsemi iðnráðgjafa. Meðal atriða sem þar gætu átt heima eru:

#### *1. Leiðbeiningar varðandi ráðningu iðnráðgjafa*

Hér yrðu skýrgreindir þættir sem snerta framkvæmd 1. mgr. 1. gr. laganna og hafa þarf í huga þegar iðnráðgjafi er ráðinn til starfa. Til álita koma atriði eins og:

- kröfur til starfshæfni (æskileg menntun/starfsreynsla),
- gerð ráðningarsamnings milli iðnráðgjafa og ráðningaraðila,
- ráðningarskilmálar (helstu atriði varðandi réttindi og skyldur ráðgjafans. — Dæmi: Trúnaður varðandi upplýsingar, að ráðgjafa sé óheimilt að sitja í stjórnnum fyrirtækja o. s. frv.),
- hvernig auglýsa skuli starfið.

#### *2. Reglur varðandi útreikninga á framlagi ríkisins*

Hér yrði gerð grein fyrir þeim meginreglum sem lagðar eru til grundvallar útreikningi ráðuneytis á framlagi til ráðningaraðila iðnráðgjafa, sbr. 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna. Einnig yrði kveðið á um tilhögun þessara greiðslna til ráðningaraðila og Iðntæknistofnunar vegna kostnaðar við samhæfingu á starfseminni.

#### *3. Verkefni og starfshættir iðnráðgjafa*

Í samræmi við þá tillögu nefndarinnar að ákvæði 3. gr. laganna um verkefni iðnráðgjafa verði gerð almennari kemur til álita að kveðið verði nánar á um verkefnasvið ráðgjafanna í reglugerð. Einnig kemur til álita að í reglugerð verði ákvæði um ýmis grundvallaratriði varðandi starfshætti iðnráðgjafanna og samskipti þeirra við þiggjendur bjónustunnar.

#### *4. Yfirstjórn og samræming á starfseminni*

Til álita kemur að kveða nánar á um verkaskiptingu milli Iðnaðarráðuneytis sem fer með yfirstjórn ráðgjafastarfseminnar og Iðntæknistofnunar sem samkv. 4. gr. laganna annast samræmingu á starfseminni.

Með erindisbréfi, dags. 19. mars 1984, fól Iðnaðarráðuneytið Iðntæknistofnun að annast samræmingu á störfum iðnráðgjafa. Nefndin telur skynsamlegt að ýmis þau atriði sem tilgreind eru í þessu bréfi verði sett í reglugerð. Sama á við um tengsl starfseminnar við stofnanir sem fjalla um atvinnuþróun.

Við samningu reglugerðarinnar þarf að hafa náið samráð við alla aðila sem tengjast framkvæmd laganna.

#### 2.4 Gildistími laganna

Núgildandi lög um iðnráðgjafa hafa fastan gildistíma, þ. e. til 31. desember 1985. Með vísun til þeirrar jákvæðu reynslu, sem nú liggur fyrir af starfseminni, telur nefndin ekki ástæðu til að í endurskoðaðri löggjöf verði kveðið á um sérstakan gildistíma. Alþingi getur að sjálfsgöngu hvenær sem er breytt lögum til samræmis við breyttar aðstæður eða forsendur. Með endurskoðun á reglugerð, ef sett yrði, geta stjórnvöld líka komið fram vissum breytingum innan þess ramma sem lögin marka.

### 3. YFIRLIT UM STÖRF NEFNDARINNAR

Nefnd til að endurskoða lög um iðnráðgjafa var skipuð með bréfi Iðnaðarráðuneytisins hinn 6. nóvember 1984 (sjá fskj. I). Nefndin tók þegar til starfa og hefur haldið 10 fundi. Í upphafi var rætt við fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga, iðnráðgjafana og forstjóra Iðntæknistofnunar Íslands. Tilgangurinn var að kynna verkefni nefndarinnar þeim sem sterkast eru tengdir framkvæmd laganna og heyra viðhorf þeirra varðandi reynslu af iðnráðgjafastarfseminni.

Í framhaldi af þessum viðræðum sendi nefndin ýmsum aðilum bréf þar sem óskað var eftir ábendingum varðandi einstök efnisatriði laganna og hugsanlegar breytingar.

Eftirtaldir aðilar sendu svör við fyrirspurnum nefndarinnar: Iðnþróunarfélag Suðurnesja; Fjórðungssamband Norðlendinga, iðnráðgjafi Norðurlands, Friðfinnur K. Daníelsson; iðnráðgjafi Suðurlands, Þorsteinn Garðarsson; Iðnþróunarfélag Austurlands; Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi; Alþýðusamband Íslands; Iðntæknistofnun Íslands; Landssamband iðnaðarmanna; Samtök sunnlenskra sveitarfélaga; Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar og Fjórðungssamband Vestfirðinga. — Vill nefndin þakka fyrir svörin og þær ábendingar sem þar komu fram.

Nefndin skilaði bráðabirgðaálitni til iðnaðarráðherra í byrjun marsmánaðar s. l. Í framhaldi af viðbrögðum við hugmyndum, sem þar voru settar fram, skilar nefndin nú lokaniðurstöðu.

### 4. NOKKRAR ÁBENDINGAR

Auk framangreindra tillagna varðandi lög um iðnráðgjafa og hugsanleg reglugerðar-ákvæði vill nefndin vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

- Í skýrslunni „Iðnráðgjöf í landshlutunum“ (Skýrsla SIL til Iðnaðarráðuneytisins, sept. 1984) er að finna margvíslegar upplýsingar um iðnráðgjafastarfsemina. Einnig er þar vikið að nauðsyn endurskoðunar á lögnum og ýmsar ábendingar og tillögur settar fram. Skal hér sérstaklega bent á kafla 2.2 og kafla 6 í þessari skýrslu.
- Störf iðnráðgjafa eru umfangsmikil og það því fremur sem þau hvíla alls staðar á einum manni. Þetta á ekki síst við á stærstu starfssvæðunum. — Reynslan sýnir að iðnráðgjafar eru eftirsóttir til annarra starfa í atvinnulífnum og mannaskipti hafa því verið nokkuð tíð. Þetta er öðrum þræði jákvætt, en hefur vissulega skapað nokkurn vanda fyrir ráðningaraðila og starfsemina í heild. Til að sem minnst röskun verði á starfseminni þegar ráðgjafi hættir störfum, telur nefndin því skipta miklu máli að sá sem við starfinu tekur eigi þess kost að starfa um tíma með þeim sem lætur af starfi.
- Góð starfsaðstaða, menntunarmöguleikar og launakjör, sambærileg við það sem gerist í hliðstæðum störfum á almennum vinnumarkaði, eru þættir sem stuðlað geta að því að gera iðnráðgjafastarfið eftirsótt og draga úr óeðlilega tíðum mannaskiptum.
- Á vettvangi norrænnar samvinnu er nú, með þátttöku Iðnaðarráðuneytisins, unnið að því að koma á samstarfi milli iðnráðgjafa á Norðurlöndum. Hér er um tilraunaverkefni að

ræða, sem stutt er af Norræna iðnaðarsjóðnum. Þeir möguleikar, sem með þessu verkefni gætu opnast fyrir iðnráðgjafa til þess að skiptast á reynslu við ráðgjafa annars staðar á Norðurlöndum, eru að mati nefndarinnar mjög áhugaverðir. Verkefnið getur einnig opnað möguleika fyrir iðnráðgjafa hér til að taka þar þátt í námskeiðum í ráðgjafartækni, heimsækja fyrirtæki, sækja áhugaverðar sýningar o. þ. h. — Sótt hefur verið um styrk til Norrænu embættismannanefndarinnar í byggðamálum til að auðvelda iðnráðgjöfum hér að hagnýta sér þessa möguleika.

### Fylgiskjal I.

Hr. deildarstjóri  
Gunnar Guttormsson  
Eskihlíð 12  
105 REYKJAVÍK

6. nóvember 1984

Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að skipa þriggja manna nefnd til að endurskoða lög nr. 86/1981 um iðnráðgjafa.

Hér með eruð þér, hr. deildarstjóri, skipaður í framangreinda nefnd, og jafnframt falið að gegna þar formennsku.

Aðrir nefndarmenn eru: Theodór Blöndal, tæknifræðingur, Botnahlíð 19, Seyðisfirði. Sigurður Guðmundsson, aðstoðarframkvæmdastjóri, Vatnaseli 3, Rvík.

Lög um iðnráðgjafa gilda til 31. desember 1985. Stefnt er að því að leggja endurskoðað lagafrumvarp fram á Alþingi, fyrir þinglok vorið 1985. Nefndinni er ætlað að ljúka störfum fyrir 1. febrúar 1985 og skila til ráðuneytisins tillögum og greinargerð um hugsanlegar lagabreytingar. Æskilegt er að nefndin skili drögum að frumvarpi til laga um iðnráðgjafa.

Auk tillagna um efnislegar breytingar á lögnum er þess vænst að nefndin setji fram hugmyndir um atriði sem horft gætu til bóta varðandi framkvæmd laganna og kynnu að eiga heima í reglugerð ef sett yrði.

Ætlast er til þess að nefndin kynni sér, eftir því sem við verður komið, sjónarmið þeirra aðila, sem eiga að njóta iðnráðgjafastarfseminnar, og hafi hliðsjón þar af við tillögugerð sína. Sama máli gegnir um aðila, er komið hafa við sögu varðandi framkvæmd laganna. Í þessu sambandi er sérstaklega vakin athygli á tillögum, ábendingum og upplýsingum sem fram koma í skýrslu Samstarfsnefndar um iðnráðgjöf (SIL), „Iðnráðgjöf í landshlutunum“ frá september 1984.

Þegar nefndin hefur lokið störfum verður þóknun fyrir störf hennar ákveðin af „þóknananefnd“ fjármálaráðuneytisins.

Sverrir Hermannsson.  
Árni Þ. Árnason.

## Fylgiskjal II.

Drög

### **Frumvarp til laga**

um iðnráðgjafa.\*)

1. gr.

Ákveði samtök sveitarfélaga eða iðnþróunarfélög, sbr. 2. gr., að ráða iðnráðgjafa til starfa á sínum vegum er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlag vegna starfa þeirra, svo og kostnað við samræmingu, sbr. 4. gr.

Framlagið miðist við launakostnað vegna starfa eins manns á starfssvæði hlutaðeigandi samtaka eða miðað við kjördæmi, auk þátttöku í skrifstofu- og ferðakostnaði, skv. mati og nánari ákvörðun ráðuneytis.

2. gr.

Iðnþróunarfélag, skv. lögum þessum, merkir félag er hefur landshluta eða kjördæmi sem starfssvæði og sveitarfélög, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar geta átt aðild að, enda hafi félagið það markmið að efla iðnþróun á starfssvæði sínu.

3. gr.

Hlutverk iðnráðgjafa er að stuðla að atvinnuþróun á viðkomandi starfssvæði. Megináhersla skal lögð á almenna ráðgjöf og upplýsingaþjónustu er örvað geti nýsköpun í iðnaði og stofnun arðbærra fyrirtækja. Iðnráðgjafar skulu eftir föngum veita aðstoð við greiningu á vandamálum fyrirtækja og leggja á ráðin um viðeigandi sérfræðiaðstoð.

4. gr.

Iðnaðarráðuneytið sér um framkvæmd þessara laga. Heimilt er að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Tryggð skulu tengsl iðnráðgjafa við tækni- og þjónustustofnanir og samtök iðnaðarins og störf þeirra samræmd, undir forustu Iðntæknistofnunar, með hliðsjón af stefnumörkun um iðnþróun og þeim aðgerðum sem unnið er að á hverjum tíma.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi lög um iðnráðgjafa nr. 86 1981.

\*) Breytingartillögur frá gildandi lögum eru undirstrikaðar.